

ÆTTAR-

16

PÓSTURINN

10. árg.

mars 2000

1. tbl.

Ættarmót í Skógargærði 15. júlí 2000

Einsog áður hefur komið fram hefur Skógargærðisættin ákveðið að halda ættarmót í sumar. Það hefur verið nefnt *Ættarmót í aldarlok*. – Árið 2000 er að sjálfsögðu mikið tímamótaár. Nú er að ljúka öld sem mörgum þykir hafa verið tíðindasöm í meira lagi og ný tekur brátt við. Einsog allir vita verður mart um að vera á þessu ári og er þarflaust að fara að tíunda það. Hinsvegar mun ættarmótið að sjálfsögðu bera yfir aðra atburði enda hefur þegar spurst að þátttaka verði góð svo sem vænta mátti enda situr fólk sig ekki úr færi þegar því er boðið uppá að una „við Fljótsins dreymnu ró“ í því góða Hjeraði sem er fegra öllum öðrum sveitum og hefur að minsta kosti einu sinni verið þjerað. Svo er aldrei að vita nema mönnum gefist færi á að berja augum „hinn eina sanna Fljótsins krókódíl. Reyndar unir drjúgur hluti af ættinni sjer vel í skjóli Austurfjalla, aðra hefur borið til fjarlæggra staða.

Ættarpósturinn birtir að þessu sinni nýustu frjettir af ættarmótiinu hvar um lesa má inni í blaðinu. → → → →

Um ættarmót 2000

15. Reiknað er með að þetta mót fari fram með svipuðum hætti og áður hefur tíðkast. Föst dagskrá sem nú er í mótun mun hefjast uppúr hádegi á **laugar- dag, þann 14. júlí**, og standa til kvölds – og framá nótt, eða svo leingi sem þurfa þykir. Ættarflötin verður til reiðu á föstudag eða fyr og verður gamla góða ættargrillið þá sett upp. Fólki er bent á að hafa með sjer mat. Sjálfsagt verða margir á staðnum framá sunnudag. Víkingur bóndi er maður gestrisinn og ef að líkum lætur verða þær Skógargerðissystur með heitt á könnunni alla dagana.

Hér er rjett að draga fram að þátttakendur í þessu móti verða um leið dagskrárgerðarmenn og flytjendur. Svo hefur altaf verið. Þarna verða væntanlega á ferðinni fjórir af þeim fimm ættliðum sem komnir eru af Helga Indriðasyni og Ólöfu Helgadóttur í Skógargerði og verður að gera ráð fyrir því að hvor kynslóð um sig leggi sitt af mörkum. Þar má kanski vekja sjerstaka athygli á aldamótakynslóðinni nýu (sjá um hana hér á eftir).

— Nú verður vikið að nokkrum atriðum sem um er þörf að ræða.

Ættarmótsmerki

Gísli Hermannsson (og Sigríðar Gísladóttur frá Skógargerði) sem búsettur er í Kaliforníu á hugmyndina að merki ættarmótsins (eða ættarinnar). Er áætlað að þrykkja merki þessu á boli sem fólk gæti skartað á ættarmótinu. Gísli mun bera veg og vanda af framkvæmd en fulltrúi hans hjer á landi er Gígja systir hans. Þau ákváðu að efna til samkeppni um gerð merkisins og munu í samráði við myndlistarfróða velja úr hugmyndum sem fram koma.

Ein tillaga um merki hefur þegar borist en vafalaust hafa fleiri hug á að taka þátt í leiknum. Þeim skal nú bent á að tillögum þarf að skila fyrir 15. maí nk. og tekur Gígja við þeim, veitir líka upplýsingar.

Alt um ættarmótsmerkið hjá

Gíju Hermannsdóttur, Vesturgötu 27, 101 Reykjavík.

Sími: 551 3022.

Skilið hugmyndum fyrir 15. maí.

ATH: Hjálpið okkur að koma *Ættarpóstinum* til skila. Sjá bls. 4. →

Hver yrkir best?

Það er kunnara en frá þurfi að segja að liðtæk skáld voru laungum í ætt vorri. Einn þeirra sagði sjálfur að „óðar en jeg andann dreg, oft er vísan búin“. Og enn stundar ættin yrkingar svo sem finna má dæmi um í *Skógargærðisbók*. Af þessum sökum þykir vel við hæfi að ættin spreyti sig í þeirri fornu og nýu íþrótt sinni að setja saman vísu ekki síður en á sviði myndlistar.

Kveðskapurinn gæti verið með ýmsu móti, alt frá laungum kvæðum til einnar ferskeytlu eða limru. Einnig gætu menn samið lög við ljóð sín. Efni þetta yrði flutt á ættarmótinu. Eru nú í mótun hugmyndir um að veita viðurkennningar fyrir bestu verkin (um verðlaun er alt óákveðnara). Eru skáldin hjer með hvött til að fara nú að stilla streingi sína.

Ættarpósturinn áskilur sjer rjett til að birta eitthvað af „framleiðslunni“ og hann mun einnig aðstoða ef einhverjir skyldu vilja láta fjölfalda efni fyrir mótið. Þeir hinir sömu verða þá að snúa sjer til okkar (Indriða, Örnólfs eða Dagnýar) í tæka tíð eða fyrir 25. júní.

Aldamótakynslóðin nýa

Kynslóð sú sem kend hefur verið við síðustu aldamót er mjög rómuð í sagna-ritum. Manni sýnist stundum einsog það fólk hafi skift sköpum í framfarasögu Íslands. Nokkuð er fjallað um þetta efni í *Skógargærðisbók* (sem er bók bóka). Við lauslega athugun kemur í ljós að þessi aldamótakynslóð er fólk (aðallega reyndar til nefndir karlmenn) sem fæddist á áronum 1875–1890. Sje dregin ályktun af þessu þá á ný aldamótakynslóð að vera öldinni yngri. Þessi nýa kynslóð má aldeilis vara sig (og kanski taka sig á) ef hún ætlar sjer að fá svipuð eftirmæli í lok næstu aldar og sú gamla Maður býst við að heyra eitthvað í þessari nýu aldamótakynslóð á ættarmótinu.

Land vorra feðra

Rannsóknir hafa sýnt að í Skógargærðislandi var búseta þegar á landnámsöld. Land var þá og laungum síðar vaxið þjettum birkiskógi. Mikill grúi kolagrafa sannar þetta svo ekki verður um vilst. Líklega hefur skógur haldist leingst innmeð Fljóti í svokölluðum Hjöllum en einginn tanni var í þessu landi um síðustu aldamót. Nú hefur verið brugðið á það ráð að klæða þetta land aftur skógi. Ættin stóð fyrir því að byrjað var 1985 inní Hjöllum. Þar eru nú um þriggja metra trje á *Efstahjalla* sem líka er kallaður *Ættarhjalli*. Nútíma búskapartækni og ruddalegar aðferðir Vegagerðar ríkisins (fyrir daga umhverfismats) hafa að ýmsu breytt þeirri ásvýnd landsins sem vakir í huga þeirra sem hjer ólust upp. Þar eru þó enn ósnortnar blár með rauðleitum keldum og fjalldrapamóar þarsem við rifum hrís hjer á árum áður — En sjón er sögu ríkari. Gaunguferð um Skógargærðisland er ferð á feðraslóðir og þar má kynnast íslensku landi einsog það var — og er — og verður

Frá Ættarpóstinum

Það er vöxtur í Skógargerðisætt; fólkið fullorðnast og fer að búa. Við at-
hugun á áskrifendalista blaðsins á sl. hausti kom í ljós að sú skrá var orðin
býsna úrelt og þrátt fyrir nokkra eftirgrenslun mun þar enn vera pottur
brotinn. Hinsvegar viljum við reyna að koma ritinu til sem flestra þeirra
ættarlíma sem komnir eru nokkuð il vits og ára. Til þess þurfum við á aðstoð
að halda og heitum nú á lesendur að koma til okkar upplýsingum um ný
heimili(sfaung) og breytingar á búsetu.

Nokkur minnisatriði

Ættarmótið verður haldið í Skógargerði ^{15.}~~14.~~ júlí. Fólk getur komið
fyr og farið þegar því sýnist

Ættarpósturinn gefur upplýsingar eftir því sem hann getur en hjer
skal einnig bent á eftirfarandi fyrirvarsmenn:

Á Austurlandi

Baldur Pálsson Sunnufelli 4, 701 Egilsstaðir. Sími 471 1998.

Baldur mun jafnframt sjá um mótstjórn.

Við Eyjafjörð

Helgi Indriðason Hringtúni 1, 620 Dalvík. Sími: 466 3365.

Á Höfuðborgarsvæðinu

Örnólfur Thorsson Tómasarhaga 27, 107 Rvík. Sími: 552 1052.

Ættarpósturinn.

Ritstj.: Indriði Gíslason Barmahlíð 32, 105 Rvík. Sími 562 5743.

Netfang: indridi@ismennt.is.

Aðstoðarritstj.: Örnólfur Thorsson Tómasarhaga 27, 107 Rvík. Sími: 552 1056.

Ritstj.fulltrúi: Dagný G. Sigurðardóttir Reynivöllum 11, 700 Egilsstaðir. Sími: 471 1134.